

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. júlí 2022 í máli nr. 107/2022

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 7. desember 2022 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili gerir kröfu um afslátt af verkkaupi og endurgreiðslu útlagðs kostnaðar, samtals að fjárhæð 1.679.194 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 14. desember 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 4. janúar 2023. Sóknaraðili gerði athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 9. janúar 2023. Þá gerði varnaraðili athugasemdir við athugasemdir sóknaraðila þann 14. febrúar 2023.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda aðila, verksamningur, dags. 10. desember 2021, tilboð varnaraðila, staðfesting á greiðslum sóknaraðila, afrit af innheimtubrési, reikningar vegna vinnu við undirstöður, reikningur vegna kranavinnu, ljósmyndir, yfirlýsing framleiðanda, afrit af samskiptum varnaraðila við [...], yfirlýsing verktakans [...], afrit af skriflegum samskiptum aðila og afrit af bréfi sóknaraðila til varnaraðila, dags. 1. desember 2022.

Með bréfi, dags. 6. júlí 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum málsins kemur fram að aðilar máls gerðu með sér samning í desember 2021 um smíði og uppsetningu glerskála sem hluta af alrými sumarhúss sóknaraðila í [...]. Samið var um að verktaki, hér varnaraðili, sæi um uppsetningu, hönnun, tæki, efni og alla vinnu við glerskálann. Í samningi aðilanna kom auk þess fram að gler í þakið yrði sett upp í samvinnu við húseiganda. Umsamin fjárhæð verkkaups nam 14.255.591 krónum og samið var um að verkkaupið skyldi greitt í þremur greiðslum eftir framvindu verksins.

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að hún telji að vankantar hafi verið á vinnu varnaraðila og að margt hafi ekki staðist verksamning. Þá hefur sóknaraðili vísað til þess að hún hafi orðið fyrir tjóni vegna tafa á afhendingu. Sóknaraðili gerir kröfu um afslátt af verkkaupi vegna tafa á afhendingu auk þess sem hún krefst þess að varnaraðili greiði kostnað sem féll til vegna kranavinnu og flutnings á gleri auk hluta kostnaðar við gerð undirstaða.

Samkvæmt gögnum máls sömdu aðilar um að afhendingardagur verksins í heild yrði um miðjan maí 2022 en fyrir liggur að verklok drógust til loka nóvembermánaðar sama ár. Sóknaraðili segir tafirnar hafa orsakast af því að varnaraðili hafi verið seinn að panta efni, þrátt fyrir að mælingar hafi legið fyrir, auk þess sem að undirstöður hafi ekki verið tilbúnar á réttum tíma vegna þess að varnaraðili hafi ekki sent frá sér teikningar af grunni skálans þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Sóknaraðili hefur bent á að sökum tafa á afhendingu hafi ekki verið mögulegt að nýta sumarhúsið og svæðið í kring sumarið 2022. Varnaraðili hefur bent á að tafir hafi annars vegar orðið vegna þess að grunnurinn sem sóknaraðili hafi látið gera hafi verið ófullnægjandi og því ómögulegt að hefja uppsetningu skálans auk þess sem að skortur á gámum hjá flutningsaðila og efnisskortur hjá birgja og annars staðar í heiminum vegna heimsfaraldurs Covid-19 veirunnar, hafi haft áhrif. Sóknaraðili gerir kröfu um 500.000 króna afslátt af verkkaupi vegna tafa á afhendingu.

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að hann telji varnaraðila eiga að greiða kostnað við endurgerð grunns. Í framlögðum gögnum kemur fram að varnaraðili hafði samband við fyrirtækið [...] vegna gerðar grunns fyrir glerskálann og benti sóknaraðila á að hafa samband við fyrirtækið. Samningssamband komst á milli fyrirtækisins [...] og sóknaraðila og lauk fyrirtækið verki sínu við byggingu grunns í apríl 2022. Þegar hefja átti uppsetningu glerskálans kom í ljós að starfsmenn varnaraðila töldu grunninn ónothæfan og því þörf á að fá steiptan sökkul fyrir skálann. Varnaraðili hefur bent á að ókláraður spýtupallur sem hafi verið gerður dugi ekki sem undirstaða fyrir glerskálann. Sóknaraðili telur að koma hefði mátt í veg fyrir þetta ef varnaraðili hefði skilað teikningum af grunni til sóknaraðila líkt og beðið var um. Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða vinnu [...], gröfuvinnu og helming efniskostnaðar, samtals að fjárhæð 736.083 krónur.

Í kvörtun kemur fram að varnaraðili hafi ekki getað flutt glerið alla leið á verkstað. Efnið hafi verið skilið eftir í 100 metra fjarlægð frá sumarhúsinu og sóknaraðili gert að flytja glerið að húsinu. Sóknaraðili gerir kröfu um greiðslu kostnaðar við flutning á glerinu, samtals að fjárhæð 75.000 krónur. Sóknaraðili telur það á ábyrgð varnaraðila að flytja efni á verkstað og að það hafi verið mistök varnaraðila sem ollu því að þeir komust ekki alla leið með glerið. Varnaraðili vísar til þess að aðkoman að húsinu hafi komið í veg fyrir að hægt væri að flytja efnið alla leið.

Loks gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða 368.111 króna reikning frá [...] vegna vinnu og leigu á krana sem notaður var til að hífa gler við glerjun skálans. Sóknaraðili telur að kranavinna hafi verið óþörf auk þess sem stór hluti tímans við vinnu kranans hafi farið í verk sem hafi alfarið verið á ábyrgð varnaraðila samkvæmt verkamningi. Varnaraðili hefur bent á að kaupendur séu í öllum tilvikum látnir greiða fyrir kranavinnu. Í samningi aðila er eftirfarandi sérstaklega tilgreint: „*Gler í þakið verði sett upp í samvinnu við húseiganda*“. Undir framkvæmd málsins gerði varnaraðili ljóst að hann muni greiða þann hluta vinnunnar sem fólst í glerjun á hliðum skálans en telur rétt að sóknaraðili greiði fyrir glerjun á þaki skálans.

Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum máls hefur sóknaraðili þegar greitt 12.576.394 krónur til varnaraðila. Sóknaraðili gerir kröfu um afslátt af verkkaupi vegna vanefnda varnaraðila og tafa á þjónustu, samtals að fjárhæð 1.679.194 krónur, en sóknaraðili hefur haldið eftir þeirri fjárhæð.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að varnaraðili hafi ítrekað vísað í samningsdrög og samtöl sem hafi átt sér stað milli aðila fyrir undirritun samnings. Sóknaraðili bendir á að endanlegur samningur gildi og annað sé ekki bindandi milli aðila. Hvað varðar uppsetningu glerskálans vísar sóknaraðili til þess að frá því að samskipti og samningaviðræður hófust milli aðila hafi hann óskað eftir því við varnaraðila að komið væri á staðinn og aðstæður skoðaðar. Ástæðan fyrir því hafi verið sú að um sé að ræða viðbót við sumarhús og því hafi þurft að liggja fyrir hvernig undirstöður ættu að vera, hvernig festa ætti skálann við sumarhúsið og þess háttar. Varnaraðili hafi hins vegar ekki orðið við beiðni sóknaraðila. Erlendir starfsmenn varnaraðila hafi verið sendir á staðinn og slíkt hafi haft í för með sér samskiptaörðugleika sökum slakrar enskukunnáttu starfsmanna og kaupanda.

Sóknaraðili vísar til þess að starfsmaður varnaraðila hafi upplýst sig um það í tölvupósti að hann myndi óska eftir tilboðum í gerð grunns undir glerskálann. Varnaraðili hafi valið fyrirtækið [...] til að gera undirstöður fyrir glerskálann en hafi aldrei fengið tilboð í verkið líkt og ætlunin hafi verið. Þá hafi sóknaraðila ekki borist teikningar frá varnaraðila af því hvernig grunnurinn ætti að vera og þar af leiðandi hafi undirstöður verið gerðar líkt og hefðbundið væri við grunna sumarhúsa, þ.e. tréundirstöður sem hafi hvílt á steiptum blokkum. Sóknaraðili bendir á að grunnurinn hafi verið tilbúinn í byrjun apríl 2022 en uppsetning skálans hafi ekki hafist fyrr en í lok ágúst. Fyrst þá hafi sóknaraðila verið gert ljóst af starfsmönnum varnaraðila að steypar blokkir þyrftu að vera undir hverri súlu glerskálans og undirstöðurnar sem gerðar höfðu verið því ónothæfar. Sóknaraðili segir að fyrirtækið [...], sem varnaraðili hafi sérstaklega mælt með, hafi ekki haft vitneskju um slíkt og engin leið hafi verið að vita þetta þar sem teikningar af grunninum hafi ekki borist frá varnaraðila. Þá bendir sóknaraðili á að verkstjóri frá varnaraðila, sem hafi talið undirstöðurnar ónothæfar í ágúst 2022, hafi komið á verkstað í byrjun árs 2022 og á þeim tíma hafi hann engar leiðbeiningar gefið um smíði undirstaða. Sóknaraðili segir að koma hefði mátt í veg fyrir gerð nýs grunns ef teikningar hefðu borist frá varnaraðila eða ef aðstæður hefðu verið skoðaðar í upphafi líkt og sóknaraðili hafi óskað eftir. Sóknaraðili geri kröfu um að varnaraðili endurgreiði vinnu fyrirtækisins [...], gröfuvinnu og helming efniskostnaðar. Sóknaraðili greiði sjálfur fyrir vinnu vegna gerðar nýrra steypublokka, gröfuvinnu og steypu. Krafan fyrir þennan þátt sé 736.083 krónur.

Sóknaraðili bendir á að samið hafi verið um að verklok yrðu um miðjan maí 2022. Fyrsta greiðsla hafi verið greidd í desember 2021 og á þeim tíma hafi átt að panta efni. Sóknaraðili telji varnaraðila hins vegar ekki hafa pantað efni fyrr en í apríl 2022 þrátt fyrir að málin hafi legið fyrir þegar fyrstu greiðslur voru greiddar. Varnaraðili hafi borið við ýmsum ótrúverðugum skýringum á töfunum. Þá vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi hagnast á þessum töfum þar sem gengi krónunnar hafi styrkst frá innborgun fyrstu greiðslu þar til að efnið hafi komið til Íslands.

Sóknaraðili vísar til þess að þrátt fyrir miklar tafir hafi starfsmenn varnaraðila ekki unnið nema 3-3,5 klukkustund á dag. Starfsmenn hafi haft hús með eldhúss-, salernis- og þvottaaðstöðu til afnota allan verktímann og þyki sóknaraðila rétt að varnaraðili greiði fyrir þá aðstöðu. Þá bendir sóknaraðili á að töfin, sem hafi orðið vegna skipulagsleysis varnaraðila, hafi haft áhrif á skipulag og áætlanir sóknaraðila og annarra sem hafi ætlað að nýta svæðið til hvíldar og afþreyingar. Þá hafi

sóknaraðili gert ráðstafanir til að fá arkitekt frá Danmörku til að koma að lokafrágangi hússins sumarið 2022 þegar verkinu hafi átt að vera lokið. Sóknaraðili bendir á að verklok hafi verið í lok nóvember 2022 en fyrir þann tíma hafi honum borist krafa frá varnaraðila um lokagreiðslu. Þá hafi varnaraðili, þrátt fyrir að hafa tafið verkið í rúma sex mánuði, umsvifalaust hótað að leggja á dráttarvexti ef dráttur yrði á greiðslu. Sóknaraðili geri kröfu að fjárhæð 500.000 krónur vegna tafa á verklokum sem hafi orðið til þess að ekki hafi verið hægt að nýta hús og umhverfi í rúma sex mánuði.

Varðandi flutning glersins á verkstað bendir sóknaraðili á að vegurinn að sumarhúsinu sé ekki breiður en að undirlag sé hart og burðarþol gott. Sóknaraðili og þeir starfsmenn varnaraðila sem hafi komið að verkinu hafi mælt með því að notaður yrði lítill flutningabíll við flutning á glerinu að sumarhúsinu. Varnaraðili hafi hins vegar valið að flytja glerið á stórum flutningabíl sem hafi ekki komist alla leið að húsinu. Sóknaraðili hafi þurft að flytja glerið um 100 metra og geri kröfu um endurgreiðslu á kostnaði hans við flutning á glerinu, samtals 75.000 krónur.

Sóknaraðili vísar til þess að í fyrstu samningsdrögum milli aðila hafi verið tiltekið að ef varnaraðili teldi þörf á krana skyldi sóknaraðili greiða fyrir slíkt. Sóknaraðili hafi hins vegar talið nauðsynlegt að mótmæla slíku ákvæði þar sem hætta væri á að varnaraðili myndi misnota sér það og þess í stað hafi verið sett ákvæði í samninginn sem kvæði á um að að gler í þakið yrði sett upp í samvinnu við húseiganda. Sóknaraðili hafi bent á þann möguleika að notast við keðjutaliu við uppsetninguna og varnaraðili hafi tekið vel í þá hugmynd. Sóknaraðili bendir á að reynsla af slíku kerfi sé góð. Hins vegar segir sóknaraðili að eftir að hann hafi sett upp taliuna að beiðni varnaraðila hafi starfsmenn fyrirtækisins krafist þess að fá krana þegar þeir hafi mætt á svæðið. Starfsmennirnir hafi neitað að nota taliuna og hótað að hætta störfum. Af þeim sökum hafi verið fenginn krani á svæðið sem sóknaraðili segir hafa verið óþarft. Þá vísar sóknaraðili til þess að virk vinna kranans hafi verið þrjár og hálf klukkustund en að varnaraðili hafi kosið að deila þeirri vinnu á tvo daga. Af þeim tíma hafi lyfting glers á þak verið um ein klukkustund í vinnu en meiri tími hafi farið í að hífa glerið í hliðar skálans sem sé alfarið verk varnaraðila samkvæmt samningi. Þá bendir sóknaraðili á að ekki hafi verið hægt að hefja hífingu fyrr en á hádegi þann dag sem kraninn kom sökum þess að starfsmenn varnaraðila hafi ekki verið tilbúnir fyrr. Sóknaraðili hafi verið látinn greiða 368.111 krónur fyrir kranavinnu og gerir kröfu um að varnaraðili verði látinn greiða þann kostnað.

Sóknaraðili segir ljóst að hann hafi mátt þola ýmsar tafir og misfarir við vinnu varnaraðila á glerskalanum. Þá hafi margt ekki staðist verksamning aðilanna. Eftirstöðvar verksins séu 4.276.678 krónur og geri sóknaraðili kröfu um afslátt af verkkaupi vegna tafa auk þess að gera kröfu um að varnaraðili endurgreiði aukagjöld sem fallið hafi á sóknaraðila, þ.e. kostnað við gerð undirstaða, flutning á gleri og kranavinnu, samtals að fjárhæð 1.679.194 krónur sem komi til frádráttar lokagreiðslu.

Að lokum kveðst sóknaraðili vilja benda á að varnaraðili hafi, án samráðs við sóknaraðila, ákveðið að líma glerhýsið fast við timburhúsið í stað þess að hafa 5 cm bil á milli sem yrði brúað með flasningum líkt og ákveðið hafi verið með munnlegu samkomulagi. Þetta muni leiða af sér veruleg útgjöld fyrir sóknaraðila þar sem fræsa þurfi burt hluta grunnsins sem standi 5 cm út fyrir skálann. Þá þurfi að tryggja að vatn komist ekki inn í gólfbitana. Kostnaður við þetta liggja hins vegar ekki fyrir.

3.2. Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili vísar til þess starfsmenn fyrirtækisins hafi oft farið á verkstað að kanna aðstæður. Þá vísar varnaraðili til þess að tafir hafi orðið á verkinu vegna þess að sóknaraðili hafi ekki látið smíða sökkul undir glerskálann líkt og honum hafi borið að gera. Sóknaraðila hafi verið gerð grein fyrir að allir tengifletir yrðu að vera í lagi en svo hafi ekki verið. Slíkt hafi leitt af sér tafir og auka kostnað.

Varnaraðili bendir á að fyrirtækið taki ekki að sér að smíða grunn/sökkla heldur sjái kaupendur alfarið um það. Þar sem sóknaraðili hafi ekki þekkt smíði á svæðinu hafi starfsmaður varnaraðila bent henni á fyrirtækið [...] en það hafi þó verið ákvörðun sóknaraðila að ráða þá til vinnu. Þá hafi allar teikningar af skálanum, þar sem finna megi þær upplýsingar sem þurfi til að smíða sökkul, verið sendar með tölvupósti og prentaðar út við undirritun verksamnings. Sóknaraðili hafi ekki haft samband til að biðja um frekari upplýsingar vegna sökkulsins.

Varnaraðili neiti því að grunnurinn hafi verið tilbúinn í byrjun apríl 2022. Smíðir á vegum varnaraðila hafi tekið myndir sem sýni að grunnur hafi ekki verið til staðar heldur nokkrar spýtur sem hafi átt eftir að loka og klára. Engir tengifletir hafi verið í úthornum skálans til þess að festa skálann í. Varnaraðili bendir auk þess á að sóknaraðili hafi sagst ætla að steypa sökkul fyrir skálann, enda sé það algengasta undirstaðan og besta lausnin. Þá segir varnaraðili að ef sökkullinn hefði verið steypdur líkt og sóknaraðili hafi sagst ætla að gera hefðu engar tafir orðið uppsetningunni sjálfri.

Varnaraðili vísar til þess að mikill efnisskortur hafi verið í Evrópu veturinn 2021 og langt fram á 2022 vegna Covid-19. Sóknaraðili hafi keypt full einangraðan garðskála sem noti svokallað PVC fyrir kuldabré skálans. Umrætt PVC hafi verið uppselt hjá framleiðanda og öllum birgjum í Evrópu. Þá bendi hann á að hvergi í verksamningi sé kveðið á um sektir vegna tafa á verki.

Varðandi flutning á gleri bendir varnaraðili á að fyrirtækið geri ráð fyrir að aðkoma sé í lagi þegar efni sé sent á verkstað. Þá segir varnaraðili að það hafi verið ómögulegt að koma glerinu í smærri bíl en þann sem notaður hafi verið við flutning.

Varnaraðili segir rétt að starfsmenn fyrirtækisins hafi viljað fá kranabíl til að hífa glerin, enda hafi það verið eina leiðin til þess. Sóknaraðili hafi hins vegar ekki viljað notast við þann kost og því ætlað að sjá um þennan lið. Varnaraðili hafi aldrei tekið vel í að notast við þá aldagömlu aðferð sem sóknaraðili nefni í kvörtun sinni og hafi aldrei beðið um að talían yrði sett upp. Þegar varnaraðili hafi fengið upplýsingar um að talían væri tilbúin hafi starfsmaður sent sóknaraðila póst, dags. 22. september 2022, og beðið um upplýsingar á útfærslu á verkinu. Varnaraðili segi sóknaraðila hafa áttað sig á því að umrædd aðferð myndi ekki virka og í kjölfarið hafi sóknaraðili upplýst hann um að kranabíll yrði pantaður. Það sé því rangt að starfsmenn varnaraðila hafi mætt á staðinn og sagst vilja fá krana áður en þeir héldu störfum áfram.

Varnaraðili vísar einnig til þess að það sé rangt að starfsmenn fyrirtækisins hafi ekki verið tilbúnir fyrr en í hádeginu þann dag sem kraninn hafi verið pantaður. Þá vilji varnaraðili benda á að ómögulegt sé að glerja skála af þessari stærð á einum degi og því hafi þurft tvo daga í vinnu. Þá bendir varnaraðili á að í öllum samningum þeirra sé kveðið á um að kaupendur beri kostnað af kranavinnu.

Hvað varði tengingu glerskálans við sumarhúsið bendir varnaraðili á að upphaflega hafi sóknaraðili beðið um að skálinn yrði 5 cm frá húsinu og að kaupendur myndu sjá um tengingu skálans. Þegar komið hafi verið að uppsetningu

hafi enginn kannast við þetta og vísar varnaraðili til tölvupóstsamskipta við kaupanda þar sem húseigandi taki fram að ekki sé þörf á að hafa bilið 5 cm og að hann hafi ekki ætlað að sjá um tenginguna sjálfur. Varnaraðili segir að þar sem húseigandi hafi ekki viljað skipta sér af uppsetningunni hafi skálinn verið settur upp líkt og almennt tíðkist. Loks bendir varnaraðili á að framleiðandi skálans sem hafi 46 ára reynslu í framleiðslu og uppsetningu glerskála vilji ekki hafa bil á milli skála og húss, enda sé skálinn ekki hannaður með það í huga.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sóknaraðila kemur fram að hún telji varnaraðila vera að vísa til atriða sem hafi ekki verið í verkahring sóknaraðila að sjá um og framkvæma. Hún segi það rangt að smiðir á vegum varnaraðila hafi oft farið á verkstað. Hið rétta sé að einn starfsmaður varnaraðila hafi komið á staðinn í byrjun árs 2022 áður en sökkull hafi verið gerður.

Þá segir sóknaraðili að varnaraðili fari með rangt mál þegar hann segi að sökkull hafi ekki verið gerður auk þess sem staðhæfingar hans um „ókláraðar spýtur“ séu rangar. Fyrirtækið [...] hafi séð um gerð sökkuls og telji sóknaraðili að starfsmenn varnaraðila hefðu þurft að koma á staðinn til að meta aðstæður ef sökkullinn hafi átt að vera gerður með tilteknum hætti. Varnaraðili hafi aldrei sent teikningar sem hafi sýnt hvernig undirstöður þyrftu að vera og því hafi sökkullinn verið gerður með hefðbundnum hætti og verið tilbúinn um miðjan apríl 2022. Þá hafi ekki verið mögulegt fyrir sóknaraðila að klára að gera gólf í skálanum í ljósi mikilla tafa þar sem opið væri fyrir veðri og vindum. Varnaraðili átti sig ekki á að ekki sé hægt að klára að gera timburgólf í skála sem hafi ekki verið reistur.

Sóknaraðili segir skýringar varnaraðila á töfum á verkinu ótrúlegar. Í ágúst 2022 hafi skýringin verið sú að ekki hafi fengist gámar til að flytja efnið. Sóknaraðili telji hins vegar að varnaraðili hafi ekki pantað efnið fyrr en í apríl 2022. Þá skipti það ekki máli að ekki sé kveðið á um sektir vegna tafa á verki í samningi þar sem slíkt flokkist sem galli á þjónustu sem varnaraðila beri að bæta. Þá vilji sóknaraðili gera athugasemd við það að varnaraðili hafi lagt á dráttarvexti þrátt fyrir að aðilar séu enn ósáttir við verkið og framvindu þess.

Sóknaraðila þyki ótrúverðugt að varnaraðili hafi reynt að koma glerinu í smærri bíl áður en fenginn hafi verið sá bíll sem hafi flutt efnið. Starfsmenn varnaraðila hafi þekkt aðstæður og vitað að vegurinn væri þröngur. Þrátt fyrir það hafi flutningi glersins síðustu 100 metrana að sumarhúsinu verið komið yfir á sóknaraðila.

Sóknaraðili bendir á að starfsmaður varnaraðila hafi tekið vel í að nota talíu og vísar til þess að starfsmaðurinn hafi spurt sóknaraðila hvenær talían yrði tiltæk. Það sé því rangt að varnaraðili hafi aldrei beðið um að talían yrði sett upp og að þeir hafi verið mótfallnir notkun hennar frá upphafi. Þá segi sóknaraðili ekki rétt að húseigendur hafi sjálfir áttað sig á að notkun talíunnar væri ekki möguleg heldur hafi starfsmenn varnaraðila krafist þess að fá krana. Sóknaraðili hafi á þeim tímapunkti lagt allt kapp á að fá krana til að verkið yrði klárað og koma þannig í veg fyrir frekara tap og tjón.

Þá vísar sóknaraðili til þess að samkvæmt samningi hafi það einungis verið glerið í þakið sem hafi átt að setja upp í samvinnu við kaupanda. Glerið í hliðar skálans hafi ekki þurft að hífa, enda nái þær rúður niður í gólf, og hafi það átt að vera verk varnaraðila. Þá telji sóknaraðili varnaraðila túlka hugtakið „samvinna“ á

sérstakan hátt. Varnaraðili vilji skýra samningsákvæðið um samvinnu á uppsetningu glersins á þá leið að sóknaraðili eigi að sjá um verkið og að varnaraðili losni undan ábyrgð á þeim þætti. Sóknaraðili segir fullyrðingar varnaraðila um að venjulega taki sambærilegt verk tvo daga rangar og bendir á að starfsmenn hafi verið undrandi þegar ákveðið hafi verið að hætta vinnu kl. 15.00 þann dag sem kraninn hafi verið pantaður, enda hafi það þýtt að leigja þyrfti kranann annan dag með tilheyrandi kostnaði.

Sóknaraðili segir fullyrðingar varnaraðila um bil milli glerskálans og sumarhúss undarlegar. Það sé eðlisfræðileg staðreynd að viður og málmur hreyfist ekki eins í hita og raka og því þurfi samskeyti milli slíkra eininga að vera fjaðrandi. Sóknaraðili segir víst að framleiðandi viti að glerhýsi megi ekki binda við timburhús en líklega skilji starfsmenn varnaraðila það ekki. Þá bendi sóknaraðili á að enn hafi ekki verið farið fram á bætur vegna þessa þáttar verksins en að slíkt muni skýrast betur þegar farið verði í viðgerðir og endurbætur sumarið 2023. Í desember 2022 hafi komið í ljós leki í grunni og á samskeytum húss og glerskála. Sóknaraðili telji að þær kröfur sem settar hafi verið fram í málinu séu studdar gildum rökum og ítreki því gerðar kröfur.

3.4. Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili ítrekar að starfsmenn varnaraðila hafi farið á verkstað í nokkur skipti. Þeir starfsmenn sem hafi verið í samskiptum við sóknaraðila séu starfsmenn á skrifstofu fyrirtækisins og eigi því ekkert erindi á verkstað.

Þá segir varnaraðili að þær undirstöður sem sóknaraðili hafi látið reisa hafi verið með öllu ófullnægjandi og ómögulegt hafi verið að hefja smíði á skálanum. Þetta hafi haft í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir varnaraðila.

Varnaraðili bendir á að flutningsaðili geti staðfest að ekki hafi verið til gámur til að flytja efnið og því hafi orðið tafir vegna þess. Þá hafi verið efnisskortur í Evrópu vegna Covid-19 og svokallað PVC plastefni ófáanlegt hjá birgja. Tafir hafi orðið á uppsetningu mörg hundruð skála um alla Evrópu vegna þessa. Varnaraðili hafi sjálfur orðið fyrir miklu fjárhagslegu tjóni vegna þessa og mörg verkefni tafist.

Varðandi flutning á efninu segir varnaraðili að efnið hafi ekki komist í þann bíl sem hafi upphaflega verið pantaður og því hafi verið fenginn stærri bíll til að flytja glerið. Þá hafi bílstjóri metið það ómögulegt að keyra upp að húsinu þar sem vegurinn væri ófær. Það sé alfarið á ábyrgð kaupenda að aðkoma sé í lagi.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi fengið tækifæri til þess að sjá um glerisetningu en að varnaraðili hafi aldrei verið hrifinn af þeirri aðferð sem hafi átt að notast við. Tölvupóstur hafi verið sendur á sóknaraðila með lýsingu á framkvæmdinni og þá hafi sóknaraðili áttað sig á því að umrædd talía myndi ekki duga. Enginn starfsmaður varnaraðila hafi farið á staðinn eftir að talían hafi verið sett upp og því ósatt að starfsmenn varnaraðila hafi krafist þess að fá krana og hótað því að hætta verki.

Þá vísar varnaraðili til þess að rétt sé að í samningi standi að sóknaraðili sjái um „gler í þakið“ en bendir jafnframt á að slíkt orðalag sé tilkomið vegna notkunar orðsins „roof“ í samskiptum við birgja. Varnaraðili bendir á að átt sé við glerjun skálans í heild, ekki bara þakið, og telur að allir geti áttað sig á því. Þrátt fyrir það muni varnaraðili greiða kostnað við að glerja hliðarnar samkvæmt sundurliðuðum reikningi frá [...].

Varnaraðili bendir á að fyrirtækið hafi orðið fyrir verulegu fjárhagstjóni vegna vanrækslu sóknaraðila. Hann segir undirbúning sökkuls, slæma aðkomu við húsið og ákvörðun sóknaraðila um að panta ekki krana í upphafi hafa orðið til þess að fyrirtækið gat ekki hafist handa við verkið og heilu dagarnir farið til spillis hjá starfsmönnum fyrirtækisins. Varnaraðili geti ekki séð að sóknaraðili hafi orðið fyrir tjóni.

Varðandi tengingu glerskálans bendi varnaraðili á að starfsmenn fyrirtækisins hafi setið námskeið hjá framleiðanda skálans um uppsetningu garðskála. Glerskálinn hafi verið tengdur í samræmi við það og notast hafi verið við sömu aðferð og fyrirtækið hefur notað við tengingar skála við timburhús.

Loks bendir varnaraðili á að ekki hafi verið mögulegt að festa skálann við gólfíð þar sem sökkullinn hafi verið ókláraður og vísar á bug staðhæfingum sóknaraðila um að verkið hafi ekki verið unnið í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Þá segir varnaraðili að það sé lítið mál að mæta og skoða lekann sem sóknaraðili bendi á og eftir atvikum lagfæra.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili og varnaraðili gerðu með sér samning um að varnaraðili tæki að sér smíði og uppsetningu glerskála sem hluta af alrými sumarhúss sóknaraðila. Kærunefndin telur að ágreiningur aðila eigi undir gildissvið laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1. gr. laganna og vísast til skýringar til 2. gr. þeirra laga ásamt 2. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, en samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. eiga lög um þjónustukaup ekki við þegar um er að ræða samsetningu, smíði eða annars konar vinnu sem seljandi þjónustu innir af hendi og er liður í samningi hans og neytanda um kaup í skilningi laga um lausafjárkaup. Samkvæmt tilboði varnaraðila, dags. 29. nóvember 2021, er tilgreint að efniskostnaður sé 6.323.045 krónur og uppsetning á skála 5.173.400 krónur. Hluti þjónustunnar er því ekki aðalefni samningsins í skilningi d. liðar 2. mgr. 2. gr. laga nr. 48/2003. Af þeim sökum eiga lög um neytendakaup við um ágreining aðila.

Sóknaraðili hefur þegar greitt 12.576.394 krónur af reikningi varnaraðila en hefur haldið eftir greiðslu að fjárhæð 1.679.194 krónur. Sóknaraðili gerir kröfu um bætur vegna tafa á afhendingu, samtals að fjárhæð 500.000 krónur. Þá gerir sóknaraðili kröfu um endurgreiðslu kostnaðar við kranavinnu, samtals að fjárhæð 368.111 krónur og kostnað við flutning á gleri að verkstað, samtals 75.000 krónur. Loks gerir sóknaraðili kröfu um endurgreiðslu á kostnaði við gerð undirstaða sem voru ekki nýttar, samtals 736.083 krónur. Heildarkrafa sóknaraðila er því 1.679.194 krónur.

Í málinu liggur fyrir að aðilar sömdu um að afhendingardagur verksins yrði um miðjan maí 2022 en ljóst er að uppsetningu skálans lauk ekki fyrr en í lok nóvember sama ár. Sóknaraðili gerir kröfu um bætur vegna tafa og vísar til þess að ekki hafi verið hægt að nota sumarhúsið og svæðið í kring sumarið 2022. Þá hafi áætlanir sóknaraðila og annarra sem nýta ætluðu svæðið raskast vegna þessa. Varnaraðili hefur bent á að efnisskortur hafi verið í Evrópu á þessum tíma sökum

heimsfaraldurs og hefur lagt fram staðfestingu frá birgja um að tiltekið efni hafi verið ófáanlegt sökum þess. Þá hefur varnaraðili lagt fram staðfestingu frá flutningsaðila að ekki hafi verið til gámur til að flytja efnið sem hafi einnig orsakað tafir á afhendingu.

Í d. lið 1. mgr. 19. gr. nkpl. er kveðið á um að neytandi geti krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 24. gr. sömu laga ef hlutur er ekki afhendur eða hann er afhentur of seint og ekki er neytanda um að kenna eða atvikum sem hann varða. Í málinu liggur fyrir að verklok urðu nokkrum mánuðum eftir umsaminn afhendingardag og hefur varnaraðili lagt fram staðfestingu á að efnisskortur hafi verið meginástæða þess. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. nkpl. getur neytandi krafist skaðabóta fyrir tjón sem hann verður fyrir vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda. Í 25. gr. nkpl. kemur fram að seljandi skuli tilkynna neytanda um hindrun sem kemur í veg fyrir að seljandi geti efnt kaupin á réttum tíma og áhrif hennar á möguleika sína til að efna kaupin. Þá segir að fái neytandi ekki slíka tilkynningu án ástæðulauss dráttar frá því að seljandi fékk eða gat fengið vitneskju um hindrunina getur neytandi krafist þess að það tjón sé bætt sem unnt hefði verið að komast hjá ef hann hefði fengið tilkynninguna með nægum fyrirvara. Sönnunarbyrði um að tjón hafi orðið vegna dráttar á afhendingu hvílir á sóknaraðila. Sóknaraðili byggir á því að tafir á afhendingu skálans hafi haft áhrif á skipulag og áætlanir þeirra sem nýta ætluðu sumarhúsið og svæðið í kring sumarið 2022 auk þess sem sóknaraðili hafi gert ráðstafanir til að fá arkitekt að utan til að koma að lokafrágangi hússins sama sumar. Álítur kærunefndin að ekki hafi verið sýnt fram á að sóknaraðili hafi orðið fyrir tjóni í skilningi 24. gr. nkpl. og getur því ekki krafist skaðabóta vegna tafa á afhendingu.

Sóknaraðili gerir kröfu um endurgreiðslu kostnaðar vegna kranavinnu og bendir á að það hafi verið ákvörðun starfsmanna varnaraðila að panta krana. Samkvæmt gögnum máls var ákvæði í samningsdrögum milli aðila sem kvað á um að sóknaraðili skyldi greiða fyrir kranavinnu. Umrætt ákvæði var tekið úr samningi, að beiðni sóknaraðila og þess í stað kemur eftirfarandi fram í endanlegum samningi aðila: „*Gler í þakið verður sett upp í samvinnu við [...] (húseigandi)*“. Samkvæmt fyrirliggjandi tölvupóstsamskiptum er ljóst að varnaraðili bað um upplýsingar á notkun talíu sem sóknaraðili hugðist nota við hífingu á gleri í þak skálans í tölvupósti til sóknaraðila, dags. 28. september 2022. Í póstinum lýsti varnaraðili yfir áhyggjum starfsmanna sinna yfir notkun taliunnar og bendir í kjölfarið á þyngd glerjanna og lýsir hvað talían þurfi að vera fær um að gera. Í svari sóknaraðila, dags. 29. september 2022, kemur fram að sóknaraðili hafi þegar haft samband við fyrirtækið [...] og að starfsmaður þess sé klár í verkið. Í póstinum leggur sóknaraðili áherslu á að ganga strax í verkið. Telur kærunefndin að með þessu hafi verið valin útfærsla „í samvinnu við“ sóknaraðila í skilningi samnings aðila. Ekkert liggur fyrir um frekari samskipti varðandi notkun á krana við verkið. Þá telur kærunefnd að ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmenn varnaraðila hafi mætt á verkstað og krafist þess að fá krana. Undir rekstri máls fyrir kærunefndinni féllst varnaraðili á að greiða kostnað kranavinnunnar sem fólst í að hífa gler í hliðar skálans sem er samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila 30% af heildarvinnunni. Samkvæmt framlögðum reikningi var heildarkostnaður við kranavinnu 368.111 krónur. Að mati kærunefndarinnar ber sóknaraðila að greiða þann hluta kranavinnunnar sem fólst í að hífa gler í þakið eða 70% af heildarkostnaði, samtals 257.678 krónur en hefur þegar fengið afslátt sem nemur þeim 30% sem varnaraðili hefur fallist á að greiða.

Sóknaraðili gerir kröfu um endurgreiðslu 736.083 króna úr hendi varnaraðila vegna vinnu- og efniskostnaðar við gerð grunns sem ekki var hægt að nýta. Sóknaraðili hefur til stuðnings kröfu sinni lagt fram staðfestingu á greiðslu vegna vinnu [...] auk staðfestingu á greiðslu vegna gröfuvinnu og kaup á stöplum. Telur sóknaraðili að koma hefði mátt í veg fyrir slíkan kostnað ef varnaraðili hefði látið af hendi teikningar á grunni skálans. Fyrir liggur að sóknaraðili hafi fengið teikningar af glerskálunum sendar frá varnaraðila en telur sig hafa átt að fá teikningar af grunni skálans. Varnaraðili hefur hins vegar vísað til þess að það tíðkist ekki og það sé alfarið á færi kaupanda að smíða undirstöður.

Ákvæði 16. gr. nkpl. fjallar um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Samkvæmt b. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. telst söluhlutur haldinn galla ef seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin. Þá segir í d. lið ákvæðisins að söluhlutur teljist haldinn galla ef nauðsynlegar upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, notkun, umönnun og geymslu fylgja ekki söluhlut. Ekki verður séð að varnaraðili hafi veitt sóknaraðila nauðsynlegar upplýsingar um gerð undirstaða sem jafnframt eru nauðsynlegar fyrir uppsetningu skálans. Samkvæmt gögnum máls óskaði sóknaraðili eftir því að fá sendar teikningar af grunni skálans en fékk þær ekki. Þá liggur fyrir að varnaraðili sendi sóknaraðila skýringar frá framleiðanda skálans varðandi leiðbeiningar fyrir undirstöður á skálanum þann 2. september 2022 en þær leiðbeiningar hafði sóknaraðili ekki fengið áður en fyrri grunnurinn var smíðaður í apríl 2022. Álitur kærunefndin að það hafi staðið varnaraðila næst að veita leiðbeiningar um gerð undirstaða fyrir glerskálann. Telur kærunefnd að um galla hafi verið að ræða í skilningi b. og d. liðar 16. gr. nkpl. Samkvæmt 33. gr. nkpl. getur neytandi krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann býður vegna galla. Kærunefndin telur ljóst að hefði varnaraðili veitt sóknaraðila fullnægjandi upplýsingar um þann grunn sem þurfti til fyrir skálann að þá hefði ekki komið til þess að ófullnægjandi grunnur var gerður í fyrstu. Verður því að telja að sóknaraðili eigi rétt til skaðabóta að fjárhæð 736.083 krónur vegna þessa.

Sóknaraðili gerir kröfu um endurgreiðslu vegna flutnings á gleri sem hann telur hafa átt að vera verk varnaraðila. Sóknaraðili hefur lagt fram staðfestingu á greiðslu að fjárhæð 38.440 krónur vegna flutningsins en bendir á að mikil vinna hafi verið lögð á sóknaraðila vegna þessa og gerir því kröfu að fjárhæð 75.000 krónur vegna flutningsins. Varnaraðili hefur vísað til þess að aðkoman á verkstað hafi ekki verið góð og því hafi ekki verið hægt að flytja glerið lengra en 100 metrum frá verkstað. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. nkpl. skal seljandi greiða kostnað vegna söluhlutar þar til hann hefur verið afhentur. Samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum um neytendakaup á reglan m.a. við um flutningskostnað. Þá segir í 2. mgr. 10. gr. laganna að heimilt sé að semja um að neytandi greiði útgjöld vegna sendingar söluhlutar til viðbótar við kaupverð. Samkvæmt verksamningi aðila skal varnaraðili sjá um alla vinnu og uppsetningu á skálanum. Ekki hefur sérstaklega verið samið um flutning á gleri og verður að telja að flutningur á gleri sé eðlilegur hluti af uppsetningu skálans. Varnaraðili hefur að mati kærunefndar ekki sýnt fram á að aðstæður á verkstað hafi verið með þeim hætti að ekki hafi verið hægt að flytja glerið á verkstað eða að sérstakar kröfur hafi verið gerðar um aðkomu fyrir flutning glersins. Ber varnaraðila að greiða

sóknaraðila þann kostnað við flutning á gleri sem sóknaraðili hefur sýnt fram á að hafa greitt, samtals 38.440 krónur.

Með hliðsjón af öllu framangreindu ber varnaraðila að lækka greiðslukröfu sína á hendur sóknaraðila um 884.956 krónur, sem nemur lækkun reiknings vegna kranavinnu um 30%, samtals 110.433 krónur, sem varnaraðili hefur fallist á að greiða auk kostnaði við gerð grunns sem ekki var nýttur, samtals 736.083 krónur og kostnaði vegna flutnings á gleri á verkstað, samtals 38.440 krónur.

V
Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að lækka greiðslukröfu sína á hendur sóknaraðila, X, um 884.956 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson